



## Ársreikningur Bygðastofnunar 2021

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2021, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 18. mars 2022.

Hagnaður ársins nam 167,3 milljónum króna. Eiginfjárlutfall í lok árs skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 18,17%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknnum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Með breytingum á lögum um Bygðastofnun sem tóku gildi 1. júlí 2021 bættist við hlutverk stofnunarinnar það ákvæði að annast framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Skrifstofa stofnunarinnar er á Sauðárkróki.

### Helstu niðurstöður úr ársreikningi Bygðastofnunar 2021

- Hagnaður ársins nam 167,3 milljónum króna.
- Eiginfjárlutfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 18,17% en skal að lágmarki vera 8% auk 2,5% verndunarauka, eða samtals 10,50%. Þann 21. september 2021 ákvað Fjármálastöðuleikanefnd Seðlabanka Íslands að að hækka sveiflujöfnunarauka á fjármálafyrirtæki úr 0% í 2% og tekur ákvörðunin gildi 29. september 2022 og verður þá samanlögð eiginfjárfkrafa Bygðastofnunar 12,50%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 560 milljónir króna eða 35,7% af vaxtatekjum, samanborið við 521 milljón króna (39,3% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2020.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 480 milljónum króna samanborið við 508 milljón árið 2020.
- Eignir námu 22.049 milljónum króna og hafa hækkað um 1.764 milljónir frá árslokum 2020. Þar af voru útlán 18.625 milljónir samanborið við 16.835 milljónir í árslok 2020.
- Skuldir námu 18.728 milljónum króna og hækkuðu um 1.597 milljónir á árinu.

### Horfur

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðinni.

Þó áhrif COVID-19 fari minnkandi gerir stofnunin ráð fyrir því að greiðslugeta viðskiptavina sem heimsfaraldurinn hefur haft mest áhrif á verði áfram takmörkuð sem geti leitt til áframhaldandi



frýstingar á greiðslum. Ekki er þó gert ráð fyrir að þær verði jafn umfangsmiklar og áður. Enn er óvissa um fjölda ferðamanna til Íslands og hvernig bólusetningar ganga fyrir sig í öðrum löndum sem haft getur áhrif á greiðslugetu viðskiptavina.

### **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Elíasson settur forstjóri Byggðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu [arnar@byggdastofnun.is](mailto:arnar@byggdastofnun.is)



## Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

	<b>2021</b>	<b>2020</b>	<b>2019</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.	Þús. kr.
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Vaxtatekjur.....	1.568.767	1.327.669	1.172.444	1.098.491	855.106
Vaxtagjöld.....	1.008.429	805.812	662.991	630.646	428.828
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>560.338</i>	<i>521.857</i>	<i>509.454</i>	<i>467.845</i>	<i>426.278</i>
Rekstrartekjur.....	570.837	667.103	645.486	616.573	549.588
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>1.131.175</i>	<i>1.188.960</i>	<i>1.154.940</i>	<i>1.084.418</i>	<i>975.866</i>
Rekstrargjöld.....	963.872	1.250.771	1.059.525	971.031	876.235
<b>Hagnaður (-tap) ársins.....</b>	<b>167.303</b>	<b>-61.811</b>	<b>95.415</b>	<b>113.387</b>	<b>99.631</b>
Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána og matsbr. hlutafjár					
Framl. í afskriftarr. útlána og matsbr. hlutaf...	134.913	298.032	182.258	114.851	111.179
<b>Efnahagsreikningur</b>					
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>	<b>31.12.2019</b>	<b>31.12.2018</b>	<b>31.12.2017</b>
<b>Eignir</b>					
Bankainnistæður.....	1.117.627	1.165.407	474.679	1.102.471	1.089.861
Útlán til viðskiptavina.....	18.625.315	16.834.885	13.850.098	12.113.274	10.463.653
Fullnustueignir.....	320.010	270.010	441.010	347.510	340.510
Veltuhlutabréf.....	357.899	353.283	585.845	571.706	594.926
Hlutdeildarfélag.....	739.368	699.594	682.252	642.237	576.288
Viðskiptakröfur.....	57.993	124.489	26.599	29.713	14.147
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	831.179	837.284	414.975	79.403	53.858
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>22.049.391</b>	<b>20.284.952</b>	<b>16.475.459</b>	<b>14.886.313</b>	<b>13.133.244</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>					
Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	18.159.786	16.788.799	13.014.318	11.504.095	9.920.045
Óráðstöfuð framlög.....	442.533	241.587	119.710	123.593	130.852
Aðrar skuldir.....	125.485	100.281	125.336	137.944	75.053
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>18.727.803</b>	<b>17.130.667</b>	<b>13.259.364</b>	<b>11.765.633</b>	<b>10.125.951</b>
Eigið fé.....	3.321.587	3.154.284	3.216.095	3.120.680	3.007.293
<b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>	<b>22.049.391</b>	<b>20.284.952</b>	<b>16.475.459</b>	<b>14.886.313</b>	<b>13.133.244</b>
<b>Sjóðstreymi</b>					
Handbært fé (-til) frá rekstri.....	479.647	368.640	427.163	248.164	290.075
Fjárfestingarhreyfingar.....	-1.822.730	-2.855.602	-2.220.233	-1.327.614	-765.620
Fjármögnunarhreyfingar.....	1.295.304	3.177.690	1.165.279	1.092.060	-1.192.136
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>-47.780</i>	<i>690.727</i>	<i>-627.791</i>	<i>12.610</i>	<i>-1.667.681</i>
Handbært fé í ársbyrjun.....	1.165.407	474.679	1.102.471	1.089.861	2.757.542
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	<b>1.117.627</b>	<b>1.165.407</b>	<b>474.679</b>	<b>1.102.471</b>	<b>1.089.861</b>
Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði	18,17%	19,12%	19,25%	21,45%	23,57%